

2. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

22. mars 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:30

Mætt eru: Sara Sigurðardóttir (SS), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Una Hildardóttir (UH), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH), Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM) í gegnum Skype, og Tinna Isebarn (TI) framkvæmdastjóri LUF.

Forföll boðaði: Sigurður Helgi Birgisson (SHB).

Fundur settur 18:44

Dagskrá:

1. **SS stýrir fundi vegna fjarveru formanns.**
2. **Fundargerð 1. stjórnarfundar** tekin til umræðu og var samþykkt.
3. **Vinnureglur stjórnar:** Farið var í gegnum drög og þau rædd. SS lagði til að hlutverk GAM og ÓHH yrðu skilgreind betur. Einnig var lagt til að TI myndi skrifa kafla um skýrsluskrif og að LMJ og UH skrifuðu kafla um tilnefningar. Samþykkt var að LMJ myndi fara í gegnum samþykktar tillögur og að reglurnar yrðu samþykktar í heild sinni í gegnum tölvupóst fyrir lok vikunnar.
4. **Fundir með ráðherrum:** TI hefur óskað eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðherra og utanríkisráðherra. Henni var falið að ítreka fundarbeiðnirnar. TI og SS funda auk þess með sérfræðingi mennta- og menningarmálaráðuneytisins í fyrramálið m.a. vegna úttektar á fjárhagsstöðu aðildarfélaganna, Leiðtogaskólans og eftirfylgnirannsókn á #ÉgKýs í samstarfi við fræðimenn HÍ.
5. **Fjármál:** MÖÓ fær prófkúru í bráð. TI greindi frá mjög dræmri fjárhagsstöðu félagsins.
6. **Heimasíða:** Ýmis tilboð voru tekin til umfjöllunar. ÓHH lagði til að fresta ákvörðun um nýja síðu, bauðst til að útbúa uppkast og var sú tillaga samþykkt.
7. **Framkvæmdaáætlun:** SS lagði til að stjórn færi yfir tillögur að framkvæmdaráætlun og að TI færi fyrir skjalið fyrir miðnætti. LMJ lagði í framhaldi þess til að stjórn héldi framkvæmdaráætlunarfund til þess að fara yfir drögin næsta mánudag og var sú tillaga samþykkt.
8. **Pallborðsumræður:** SS greindi frá skemmtilegum og vitsmunalegum umræðum sem þar fram fóru og skilaði inn skýrslu til stjórnar.
9. **Erasmus+ áætlun ESB:** TI greindi frá fundi um úttekt á áhrifum áætlunarinnar, fundi valnefndar EUF sem er á döfinni og Evrópskri ungmennavíku.
10. **#ÉgKýs:** TI lagði fram drög að 30. bls. lokaskýrslu um verkefnið og greindi frá undirbúningi þess fyrir árið 2018.
11. **Leiðtogaskóli LÆF:** TI greindi frá því að umsókn um fjárstyrk úr Æskulýðssjóði hafi verið hafnað og að hún hafi óskað eftir rökstuðningi. Ákveðið var að fara aðrar leiðir með umsóknum í önnur ráðuneyti til þess að fjármagna skólann.
12. **Málefni ungra innflytjenda:** Ákveðið var að bjóða aðildarfélögum LUF til þess að nýta eftirstöðvar styrks til þess að halda vinnustofu. Eftir það verður TI falið að skrifa lokaskýrslu um verkefnið.
13. **Fyrsti fulltrúaráðsfundur 4. apríl kl. 20:00:** SS og TI hafa útbúið drög að dagskrá. TI var falið að gera drög að fundarboði fyrir lok vikunnar.
14. **Alþjóðamál:**

- a. SHB er staddur á „**EU Youth Conference**“ í Möltu.
 - b. LMJ leggur fram skýrslu um NBC Skypefund um **COMEM**. LMJ og SHB verða fulltrúar LUF í Brussel ef ráðherra fellst á beiðni LUF um fjárstuðning fyrir alþjóðastarfi ungs fólks.
 - c. LMJ hefur verið tilnefnd í „Council of Europe **Advisory Council on Youth**“.
 - d. LUF tilnefndi einstaklinga til þátttöku í verkefninu „**Det nye Norden**“ í Finnlandi. Af þeim hafa svo vitað er til þessa TI, UH, Hildur Björgvinsdóttir framkvæmdastjóri Sambands íslenskra framhaldsskólanema og Sigríður Fossberg Thorlacius fulltrúi í fulltrúaráði LUF fengið boð um þátttöku.
 - e. TI sagði frá **heimsókn frá Rúmeníu** og lagði fram skýrslu um hana til stjórnar.
 - f. TI verður ungmennafulltrúi Íslands á **Sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins** í Strasbourg, Frakklandi.
 - g. LMJ greindi frá boði til að taka þátt í Norrænu verkefni um **framkvæmd þróunarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna**. Var henni falið að gefa jákvætt svar.
 - h. LMJ sagði frá boði í EEA verkefninu „**Risk Group Children**“ frá Litháen. Var LMJ falið að benda þeim á að hafa samband við Hitt húsið.
2. **Framkvæmd stefnumótunar Æskulýðsráðs:** TI greindi frá bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem nýlega hefur samþykkt tillögur starfshóps að framkvæmd stefnumótunar í æskulýðsmálum. Var stjórn ósátt með skort á samræmi á milli stefnunnar og framkvæmdaráætlunar, litla sem enga áherslu á ungt fólk 18 ára og eldri, sérfræðiþekkingu sem og skorts á samráði við LUF, einkum og sér í lagi vegna þess að ekki er tekið tillit til félags- og hagsmunastarfa ungs fólks. TI var falið að kanna málið betur.
- 15. Næsti fundur:** á undan fulltrúaráðsfundi þann 4. apríl kl. 18:30.
- 16. Önnur mál:** Myndatöku frestað.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 20:28.

TI ritaði fundargerð.